

# Leikskólastjóri óskast í nýjan leikskóla í Þorlákshöfn



ÖLFUS

Staða leikskólastjóra nýs leikskóla í Vesturbyggð í Þorlákshöfn er laus til umsóknar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. febrúar 2025. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs Ölfuss.

Nýr leikskólastjóri fær spennandi tækifæri til að leiða vinnu við undirbúning opunar leikskólans, sem nú er í byggingu. Í því felst að móta faglega stefnu og starfsemi í samvinnu við hagaðila og stuðla að vexti og þroska þeirra sem tilheyra lærdómssamfélaginu. Viðkomandi þarf að vera öflugur leiðtogi sem ber ábyrgð á rekstri og starfsemi leikskólans.

Leitað er að drifandi og skipulögðum einstaklingi sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum og metnað fyrir að ná árangri í starfi.

Leikskólinn í Vesturbyggð er staðsettur í nýju hverfi sem er í uppbyggingu vestast í Þorlákshöfn í Ölfusi. Sveitarfélagið Ölfus býður upp á fjölbreytta náttúru milli fjalls og fjöru með óþrjótandi tækifærum til útivistar og afþreyingu.

Leiðarljós Skólafélags Ölfuss er að skapa nærandi lærdómssamfélag öllum hagaðilum til heilla og að hver einstaklingur fái tækifæri til vaxtar og þroska í gjöfulu umhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með **10. október nk.**

Með umsókn skal fylgja kynningarbréf þar sem í stuttu og kjarnyrtu máli er gert grein fyrir kostum umsækjanda sem nýtast í starfi, ferilskrá, afrit af prófskírteinum og leyfisbréfi.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%. Við hvetjum áhugasöm, óháð kyni, til að sækja um starfið.

Allar nánari upplýsingar veita Jóhanna M. Hjartardóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og fræðsluviðs, [jmh@olfus.is](mailto:jmh@olfus.is), og Geirlaug Jóhannsdóttir, [geirlaug@hagvangur.is](mailto:geirlaug@hagvangur.is).

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi leikskólans
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Ábyrgð á að leikskólinn starfi samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og skólafélagssveitarfélagsins
- Ábyrgð á að rekstur leikskólans sé innan ramma fjárhagsáætlunar
- Umsjón með ráðningum starfsfólks, skipulagi vinnutíma og vinnutilhögum
- Þátttaka í stefnumörkun á sviði málaflokksins og innleiðing stefnu
- Þátttaka í samstarfi við aðila í skólasamfélagi sveitarfélagsins

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf sem kennari
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar- og/eða menntunarfræða er æskileg
- Kennslureynsla á leikskólastigi
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni, reynsla af stjórnun er æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Þekking á rekstri og áætlanagerð
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði í starfi, skýr framtíðarsýn og faglegur metnaður
- Góð tölvufærni og þekking á nauðsynlegum kerfum
- Óskað eftir framvísun á sakavottorði



Sótt er um starfið  
á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)